



Faghópur 3

Fundargerð 2. fundar

RHA, Akureyri, 6. mars 2009, kl. 9:00

Mætt: Kjartan Ólafsson, Daði Már Kristófersson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Hjalti Jóhannesson, Guðmundur Guðmundsson, Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir og Tómas Þór Tómasson sem skrifaði fundargerð.

Forföll:

Fundarfrásögn

1. **Á landsvísu og héraðsvísu.** Fundurinn hófst með framhaldsumræðu frá fyrsta fundi um hvernig nálgast bæri verkefni hópsins. Samstaða var um að líta bæði til áhrifa á þjóðarhag - á landsvísu – og einstaka landshluta - á héraðsvísu. Hvort sjónarhorn kallar á mismunandi áherslur.

Sjónarhornin tvö geta vegist á. Það sem þykir jákvætt í þjóðhagslegu tilliti getur haft mismunandi áhrif á einstaka landshluta; uppgangur í einum hluta en samdráttur í öðrum.

Við mat á héraðsvísu er eðlilegt að miða annars vegar við þau efnisatriði sem tekið er á í umhverfismati og hins vegar að skoða hvar hagræn og samfélagsleg áhrif virkjunarframkvæmda koma fram. Þess vegna skipti megin máli hvernig orkan verði nýtt. Framan af var sjónarmiðið að orkan yrði nýtt til stóriðju og jaðaráhrif nýttust almenna markaðinum. Smæð almenna markaðarins setur virkjunum og orkuframleiðslu vissar hömlur. Kárahnjúkavirkjun var fyrsta virkjunin sem eingöngu hafði með hagsmuni stóriðju að gera. Ef t.d. er litið til Blöndu-virkjunar má velta vöngum yfir hvar áhrif hennar á atvinnu og framleiðslu komi fram. Augljóst er að þéttbýliskjarnar hafa togáhrif, þ.e. toga til sín orkuna, ekki síst m.t.t. stærðar vinnumarkaðar. Ekki síður birtist það í samkeppni þéttbýliskjarna, t.d. togstreita Fjarðabyggðar og Fljótsdalshéraðs á Austurlandi. Gegn togstreitu um flutning orku um lengri veg kemur aukin áhersla á það sjónarmið að orku skuli nota í heimabyggð.

Atvinnumál. Orkuframleiðsla er afar mikilvægur hlekkur þegar kemur að atvinnumálum; uppbyggingu og tækifærum. Í fyrsta lagi ber að líta til þess að á framkvæmdatíma kalla virkjunarframkvæmdir á mikla þenslu á vinnumarkaði en að framkvæmdum loknum hverfur atvinnan eins og dögg fyrir sólu. Með þetta í huga er ástæða til að stuðla að tímabundinni hreyfingu vinnuafls milli landshluta og starfa. Sama má segja um fjármagn; framkvæmdir kalla á afar mikla fjárfestingu en rekstur virkjananna kostar tiltölulega lítil fjárútlát. Báðir þessir þættir veða þyngra þegar litið er til vatnsaflsvirkjana. Við samanburð vatnsafls- og jarðvarmavirkjana er einnig mikilvægt að líta til mislangs afskriftartíma; vatnsaflsvirkjanir eru afskrifaðar á mun lengri tíma en jarðhitavirkjanir. Á næsta fundi mun Daði kynna líkan Hagfræðistofnunar er spáir fyrir um fjárhagsleg áhrif virkjunarframkvæmda (sbr. fundargerð 1. fundar).

Tilkoma orkunnar gefur kost á fjölbreyttari störfum og getur haft áhrif á starfsmenningu sem getur verið ólík frá einum landshluta til annars. T.d. á vinnuafli á Mið-Austrlandi nú kost á að fá ágæt laun fyrir 40 stunda vinnuviku. Á sama hátt gefur orkan kost á að skjóta fleiri stoðum undir atvinnulíf sem víða er einhæft og stendur og fellur með örfáum kostum. Á þetta má þó horfa bæði jákvæðum og neikvæðum augum. Á Austurlandi má t.d. nefna að tilkoma Fjarðaáls hefur vegið upp á móti niðurskurði í fiskveiðum og – vinnslu. Flestra hagar er að unnið sé gegn einhæfni atvinnulífs og voru nefnd nokkur dæmi í þá veru; fiskiþorp héraðs og bæir í Noregi þar sem allt stóð og féll með einu iðjuveri sem lokaði (þegar borgaði sig fyrir verksmiðjueigendur að selja samningsbundna raforku inn á evrópskan orkumarkað fremur en að nota það til verksmiðjureksturs). Loks er vert að benda á að einhæfni útflutningsatvinnuvega getur einnig verið varasöm.

Umhverfismál. Áhrif virkjana á umhverfið skipta máli þegar metin eru þjóðhagsleg áhrif, ekki síst m.t.t. nær-umhverfisins. Þau geta verið jákvæð, t.d. aðgengi að hálendinu og aukin laxveiði í Blöndu, eða neikvæð, sbr. rask á viðkvæmum svæðum og loftmengun (t.d. frá Hellisheiði).

Skörun við aðra faghópa. Faghópurinn var sammála um að til að ljúka verkefni sínu sé rík áhersla til að hafa samráð við aðra faghópa og fylgjast með vinnu þeirra. T.d. þarf hópurinn að fá upplýsingar um virkjunarkostnað, áhrif á náttúruna og hagsmuni ferðaþjónustunnar. Allir þessir þættir – og margir fleiri –leggja fram sinn skerf þegar metinn er þjóðarhagur af virkjunarframkvæmdum.

Kynning Jóhannesar Geirs. Á fundinum kynnti Jóhannes Geir verkefni sem hann vann fyrir innlenda verkfræðistofu þar sem hann spáði fyrir um líklegar virkjunarframkvæmdir á næstu árum (fram undir 2020). Í verkefninu greindi hann jafnframt raforkumarkað landsmanna í leit að forsendum fyrir spánni.

Næsti fundur verður á Orkustofnun í Reykjavík, föstudaginn 27. mars, kl. 13:00-15:00.